

Er sjálfkrafa evruvæðing hafin?

Eiríkur Bergmann Einarsson

Dósent og forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst

Ágrip

Ýmislegt bendir til að evran sé nú þegar farin að vætla inn í íslenskt efnahagslíf, þvert á stefnu stjórnvalda. Fyrirtæki eru í auknu mæli farin að gera upp bækur sínar í evrum og undirbúa jafnframt skráningu hlutafjár í Evrópumyntinni. Þá hafa lántökur og launagreiðslur aukist í evrum auk þess sem bæði vöru- og þjónustuviðskipti eru síoftar gerð í evrum. Þrýstingurinn á upptöku evru á rætur að rekja í þátttöku Íslands á innri markaði ESB í gegnum EES-samninginn frá árinu 1994. Um er að ræða kerfisbundinn þrýsting sem þræðir sig eftir víxlerkunaráhrifum ný-virknihyggjunnar. Óvíst er að innlend stjórnvöld hafi nauðsynleg tæki til að verjast sjálfvirkri evruvæðingu sem að takmörkuðu leyti er nú þegar er farin af stað. En sjálfkrafa innleiðing evru er versta tegund evruvæðingar sem völ er á.

Inngangur

Þunginn í umræðunni um hugsanlega innleiðingu evru í stað krónu á Íslandi hefur vaxið undanfarin ár og er nú svo komið að spurningin um stöðu krónunnar og fyrirkomulag peningamála er orðin ein sú áleitnasta í íslenskri þjóðmálaumræðu. Peningamál hafa verið Íslendingum óvenju hugleikin undanfarin misseri enda er íslenska krónan minnsti gjaldmiðill heims sem nú um stundir er hafður á frjálsu floti. Krónan hefur í seinni tíð reynst ansi óstöðugur gjaldmiðill og því er kannski ekki að undra að forsvarsmenn í íslensku atvinnulífi séu farnir að þrýsta á um upptöku á stöðugri gjaldmiðli, sér í lagi samfara síaukinni verðbólgu, óhemju háum strýrivöxtum og eftir gengishrun krónunnar sem kom í kjölfarið á ofþenslu hagkerfisins.¹

¹ Sjá nánar í Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson (2008). *Hvað með evruna?*

Íslensk stjórnvöld hafa enn sem komið er þá stefnu að halda í krónuna en þau finna orðið fyrir sífellt vaxandi þrýstingi frá atvinnulífinu að skipta krónunni út fyrir evru. Núverandi umræðulota um upptöku evru er þó fráleitt sú fyrsta sem fram hefur farið um evrópumyntina í íslensku samfélagi. Haustið 2001 og út árið 2002 var evran til að mynda ofarlega á baugi í íslenskri samfélagsumræðu enda tólf Evrópuríki þá í óða önn að undirbúa innleiðingu myntarinnar, en munurinn er sá að nú er það atvinnulífið sem heldur umræðunni vakandi og stendur að því að þrýsta á stjórnvöld um aðgerðir í málinu. Samtök iðnaðarins hafa lengi talað fyrir upptöku evru og nýverið lýstu Samtök atvinnulífsins yfir að hugsanlega ættu fyrirtækin í landinu að taka fram fyrir hendur stjórnvalda og innleiða evruna sjálf án atbeina íslenskra stjórnámálanna, eins og nánar er fjallað um síðar í þessari grein. Slík aðgerð væri vitaskuld ansi róttæk og fæli í sér vantraust á stjórn peningamála í landinu.

Viðskiptaráðherra hefur ekki farið varhluta af áhuga atvinnulífsins á stöðugri gjaldmiðli og hefur beðið nokkur fræðasetur að skoða hvort á Íslandi geti orðið til fjölmyntasamfélag og þá hvaða áhrif slík þróun gæti haft á markaði og ekki síður á íslenskt samfélag. Hugmyndin felur í sér þá hugsun að mögulega væri hægt að halda úti fleirum en einum gjaldmiðli á Íslandi samtímis. Í umræðunni um gjaldmiðilsmálin hefur helst verið rætt um evruna og aðrir gjaldmiðlar sjaldnar nefndir í því samhengi enda er evran sá gjaldmiðill sem er langfyrirferðarmestur í utanríkisviðskiptum á Íslandi, meirihluti utanríkisviðskipta Íslands er gerður í evrum.² Þó hafa einstaka málsmetandi menn einnig viðrað þann möguleika að taka upp norska krónu eða jafnvel svissneskan franka.³ Utanríkisviðskipti Íslands eru þó ansi lítil í þessum

² Sjá gengissvog Seðlabanka Íslands (2007).

³ Björgólfur Thor Björgólfsson, viðskiptamaður, sagði til að mynda í áramótablaði Viðskiptablaðsins 2007/2008 að hugsanlega væri hyggilegast að taka upp svissneskan franka og Þórólfur Matthíasson, prófessor, hefur stungið upp á upptöku norsku krónunnar, til að mynda í grein í Vísibendingu í mars 2008.

myntum, ríflega sex prósent í norskum krónum og aðeins um tvö prósent í svissneskum franka.⁴ Þá hefur forsætisráðherra viðrað þann möguleika að taka upp dollar.⁵

Hugmynd viðskiptaráðherra felur ekki endilega í sér að evran væri tekin upp í stað krónu heldur öllu frekar að hún yrði í auknu mæli notuð við hlið íslensku krónunnar. Í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið á Íslandi um færar leiðir í gjaldmiðilsmálum er í þessari grein fyrst og fremst fjallað um samspil krónu og evru en öðrum látið eftir að ræða möguleika á innleiðingu annarra gjaldmiðla. Áður en tekið er til við að skoða með hvaða hætti evran gæti haldið innreið inn í íslenskt efnahagslíf við hlið krónu og hvaða áhrif það gæti haft á íslenskt samfélag og efnahagslíf er fyrst rétt að skoða þá krafta sem búa að baki þrýstingnum um upptöku evru og greina þær leiðir sem eru færar við upptöku evru á Íslandi.

Færar leiðir

Nokkrar leiðir hafa verið nefndar að því marki að innleiða evru á Íslandi. Hefðbundna leiðin er vitaskuld sú að ganga fyrst í Evrópusambandið og þaðan inn í Efnahags- og myntbandalag Evrópu (EMU) og taka svo upp evru að uppfyltum skilyrðum stöðugleikasáttmálans (e. Pact for Stability and Growth). Slík vegferð væri ekki aðeins tímafrek, tæki að lámarki fjögur ár frá því að ákvörðun um aðildarumsókn lægi fyrir, heldur felur hún enn fremur í sér aðild að ESB en íslensk stjórnvöld hafa það ekki á stefnuskrá sinni að sækja um fulla aðild að Evrópusambandinu. Aðrar leiðir sem nefndar hafa verið miða að því að innleiða evru án þess að ganga í ESB.

⁴ Sjá gengissvog Seðlabanka Íslands (2007).

⁵ Þetta kom fram í viðtali Dow Jones-fréttaveitunnar við Geir H. Haarde í London 25. júní 2008.

Páverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, setti til að mynda fram þá hugmynd að sækjast eftir tvíhliða samkomulagi við Evrópusambandið um eins konar aukaaðild að EMU.⁶ Dæmi eru um að ríki sem standa fyrir utan Evrópusambandið hafi náð slíku samkomulegi en í öllum tilvikum hefur það verið gert vegna aðstæðna sem ekki eiga við á Íslandi.⁷ Hægt er að skipta þessum ríkjum í tvo hópa, annars vegar ríki á borð við San Maríno, Mónakó, Vatíkanið og Andorra sem öll eru örríki og voru áður í myntsamstarfi við eitthvert evruríkjanna, og fylgdu þeim einfaldlega inn á evrusvæðið. Hinn hópurinn samanstendur af ríkjum þar sem efnahagslíf hefur lagst í rúst í kjölfar stríðsátaka og þau hafa einfaldlega neyðst til að notast við brúklegan gjaldmiðil eftir að sá innlengi varð ónothæfur. Dæmi um slík ríki eru Svartfjallaland, Bosnía og Kosovo. Þegar stríð braust út á Balkanskaga eftir sundurliðun Júgóslavíu hrundi efnahagskerfi Svartfjallalands, svo dæmi sé tekið, og almenningur hóf að nota þýsk mörk. Eftir að Þjóðverjarjar tóku upp evru ásamt ellefu öðrum Evrópuríkjum kom evran svo gott sem sjálfkrafa til Svartfjallalands og undanfarið hefur Seðlabanki Evrópu unnið með yfirvöldum í Svartfjallalandi að skilvirkri innleiðingu evru. Ekkert í nálægð við slíkar aðstæður á við um Ísland. Evrópusambandið hefur enn fremur þá stefnu að semja almennt ekki við ríki utan ESB um innleiðingu evru og fulltrúar ESB hafa komið þeim skilaboðum skilmerkilega á framfæri við íslensk stjórnvöld. Á fundi forsætisráðherra Íslands með fulltrúum Evrópusambandsins í Brussel 27. febrúar 2008 sagði José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, til að mynda: „Okkar skilningur, ekki aðeins varðandi Ísland, heldur sérhvert svipað tilfelli, er að myntsamruni við evrusvæðið til lengri tíma litið komi aðeins til

⁶ Valgerður Sverrisdóttir (8. mars 2006). *Ísland og evran*.

⁷ *ECB Montly Bulletin* (Apríl 2006), bls. 87.

greina innan hins stærri ramma aðildar að Evrópusambandinu.“⁸ Þessi leið virðist því ekki fær fyrir Ísland.

Íslensk stjórnvöld þyrftu raunar ekkert endilega að semja við Evrópusambandið um upptöku evru, tæknilega er það tiltölulega auðvelt í framkvæmd að taka einfaldlega evruna upp einhliða án þess að sækja nokkra heimild til þess. Peningar eru einungis sérhver sú eign sem menn taka hindrunarlaust við sem greiðslu skuldar og hverju ríki er í sjálfsvald sett hvaða gjaldmiðil það notar. Fjöldmörg dæmi eru til um svokallaða dollaravæðingu, þegar ríkisstjórnir hafa einhliða kosið að nota gjaldmiðil annars ríkis en vanalega á slíkt aðeins við um fyrrum nýlenduríki sem taka upp gjaldmiðil gamla herraríkisins eða þar sem stjórnvöld hafa gefist upp á að halda úti eigin gjaldmiðli eftir að efnahagurinn hefur farið í þrot. Ríki á borð við Panama, Ekvador og El Salvador hafa til að mynda öll kosið að brúka Ameríkudollar og áður hefur verið minnst á einhliða evruvæðingu Svartfjallalands og Kosovo.⁹

Hætt er við að einhliða upptaka evru á Íslandi myndi mæta mikilli mótstöðu innan Evrópusambandsins og hugsanlega spilla fyrir samskiptum Íslands við ESB á öðrum sviðum en Ísland er nú þegar í afar nánu samstarfi við Evrópusambandið á flestum sviðum opinbers lífs í gegnum aðildina að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og Schengen-landamærasamstarfið og því eru miklir hagsmunir í húfi. Það skapar sérstök vandamál fyrir Evrópusambandið ef ríki sem hugsanlega gæti gengið í sambandið síðar meir tekur upp evru áður en það fær aðild. Í slíku tilviki er ekki mögulegt að beita ríkið efnahagsskilyrðum fyrir upptöku evru, eins og aðildarríki ESB þurfa að ganga í gegnum og uppfylla, því evran er þá þegar til staðar. Slíkt gæti ógnað stöðuleikasáttmálanum sem evrukerfið byggir á. Sú leið að íslensk stjórnvöld taki einhliða upp

⁸ José Manuel Barroso (28. febrúar 2008). *Upptaka evru aðeins með aðild að ESB*.

⁹ Sjá Sebastian Edwards og Igal Magendzo (2003). *Strict Dollarization and Economic Performance: An Empirical Investigation*.

evru er því tæpast fær af stjórn málaástandum þótt hún sé vitaskuld tæknilega framkvæmanleg.¹⁰ Þar að auki væri væri einhliða upptaka evru mun dýrari leið heldur en að ganga alla leið í ESB og EMU. Í fyrsta lagi myndi aðgerðin fela í sér þónokkurn upphafskostnað, við að kaupa evrur og afskrifa virði allra íslenskra króna í umferð auk þess sem Ísland yrði af myntsláttuhagnaði.¹¹ Ísland myndi þar með afsala sér stjórn á eigin peningamálum án þess að fá aðild að ákvörðunum á vettvangi Evrópusambandsins í Seðlabankanum í Frankfurt. Seðlabanki Evrópu yrði heldur ekki lánveitandi til þrautavara fyrir íslensku viðskiptabankana eins og hann er gagnvart viðskiptabönkum aðildarríkjanna. Fullburða og fullvalda iðnvædd ríki sem búa við sterkan efnahag hafa því ekki farið þessa leið.

Í raun er þá aðeins eftir sá möguleiki að almenningur og atvinnulíf á Íslandi taki einfaldlega sjálf upp evru, annað hvort í stað krónu eða við hlið krónu, án atbeina innlendra stjórnvalda. Erfitt er að sjá að Evrópusambandið hafi nokkur tæki til að koma í veg fyrir slíka þróun og sömuleiðis gæti reynst örðugt fyrir stjórnvöld innanlands að ná böndum á sjálfkrafa evruvæðingu ef hún á annað borð fer af stað. Til eru dæmi um ríki þar sem þróun í þessa veru hefur orðið. Á Kúbu, svo dæmi sé tekið, gefur hið opinbera út eigin gjaldmiðil sem notaður er í viðskiptum innanlands en þar í landi kjósa menn þó öllu frekar að eiga viðskipti í Ameríkudollar eða evru sem flætt hefur yfir eyjuna án þess að stjórnvöld hafi fengið nokkuð við það ráðið.

Innri togstreita

Hægt er að greina nokkur lögmál eða krafta sem liggja að baki þeirri umræðu sem fram hefur farið á Íslandi um mögulega tengingu við evru. Umræðan um fjölmyntasamfélag, einhliða

¹⁰ Sjá nánar í Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson (2008) *Hvað með evruna*, bls. 41 og 104-106.

¹¹ Sjá Friðrik Már Baldursson og Richard Portes (2007). *The internationalisation of Iceland's Financial sector.*, og Ásgeir Jónsson (2007). *Einhliða upptaka evru*.

upptöku evru eða tvíhliða peningamálasamning er tilkomin vegna togstreitu sem á sér stað í innra samspili í íslensku stjórn mála- og efnahagslífi. Togstreitan felst í því að atvinnulífið á Ísland er orðið samofið evrópsku viðskiptaumhverfi og það kallar á álíka samræmingu í peningamálum og orðið hefur annars staðar á innri markaði Evrópu en um leið er sterk pólitísk andstaða við það í íslensku stjórn málalífi að ganga alla leið í Evrópusambandið. Raunar er þessa togstreitu einnig að finna í öðrum samskiptum Íslands við Evrópusambandið og getur hún hugsanlega skýrt stöðu Íslands í Evrópusamvinnunni í gegnum EES og Schengen, þeirri að taka sem virkastan þátt á ýmsum samstarfssviðum án þess þó að ganga formlega í sambandið. Tvíhliða samningur um upptöku evru væri einfaldlega samskonar nálgun að peningastefnu ESB og EES-samningurinn er að innri markaðinum og Schengen að starfi ESB á sviði innanríkis- og dómsmála.

Andstöðu við fulla aðild Íslands að Evrópusambandinu má ekki síst rekja til þeirrar miklu áherslu sem Íslendingar hafa lagt á formlegt fullveldi íslensku þjóðarinnar og sjálfstæði landsins sem rekja má til sjálfstæðisbaráttunnar á nítjándu öld og fyrri hluta tuttugustu aldar. Hugmyndin um frjálsa og fullvalda íslenska þjóð hefur allar götur síðan verið einskonar undirlag stjórn mála á Íslandi og framsal á fullveldisréttindum til yfirþjóðlegra stofnana Evrópusambandsins sem deila með sér fullveldi á tilteknum sviðum fellur illa að þeirri grundvallarhugmynd sem íslenska þjóðin byggir tilveru sína á.¹² Orðræða sjálfstæðisbaráttunnar hefur þó ekki komið í veg fyrir að Íslandi hafi tekið þátt í Evrópusamrunanum. Þvert á móti hafa Íslendingar eins og hér hefur komið fram kosið að taka virkan þátt í Evrópusamvinnunni í gegnum EFTA, EES og Schengen.

Umræðan um evruna er þjökuð af sömu togstreitu en íslenska krónan hefur í gegnum tíðina orðið að einni táknmynd íslensku þjóðarinnar, ásamt fánanum, þjóðsöngum, handboltalandsliðinu og öðru því sem þjóðin samsamar sig við. Seðlaútgáfa færðist inn í landið á

¹² Sjá Birgir Hermannsson (2005). *Understanding Nationalism, studies in Icelandic Nationalism 1800-2000.*, og Guðmundur Hálfðanarson (2004) *Íslenskt þjóðerni – uppruni og endimörk.*

sama tíma og Íslendingar voru að berjast fyrir sjálfstæði sínu og höfuðhetja sjálfstæðisbaráttunnar, sjálfur Jón Sigurðsson forseti, prýðir fimm hundruð krónu seðilinn, svo dæmi sé tekið.¹³ Rök fyrir upptöku evru verða því ekki aðeins að standa á traustum efnahagslegum grunni heldur einnig að yfirvinna tilfinningaleg rök sem eru ekki síður tengd fullveldi þjóðarinnar. Þess ber þó að geta að lengst af var lítil tenging á milli þjóðernishugmynda og þess gjaldmiðils sem notaður var innan hvers ríkis en það var í raun ekki fyrr en eftir síðari heimstyrjöld að sú skipan festist í sessi að hvert ríki gæfi út eigin gjaldmiðil. Segja má að stór hluti heimsbyggðarinnari hafi um tíma búið við aðeins einn gjaldmiðil, gull.¹⁴ Evran kom svo til skjalana um nýliðin aldamót og því má segja að þjóðargjaldmiðillinn hafi einungis verið meginskipan í gjaldmiðlakerfi heims í um hálfu öld.

Víxlverkun

Árið 1994 varð grundvallarbreyting á íslensku þjóðfélagi þegar innri markaður Evrópusambandsins var færður út til Íslands með aðildinni að EES. Innri markaður ESB var að mestu fullkláraður með Maastrich-tsáttmálanum árið 1993 og felur í sér frjáls vöruviðskipti, frjálst flæði fjármagns, opinn markað fyrir þjónustu og frelsi til að sækja sér atvinnu alls staðar á svæðinu. Þar með varð til samræmt efnahagssvæði í Evrópu. Með inngöngunni í EES varð Ísland órofa hluti af viðskiptaumhverfi Evrópusambandsins án þess þó að ganga alla leið í Evrópusambandið. Ísland er með öðrum orðum á bólakafi í Evrópusamstarfinu en formlega stendur landið eftir sem áður fyrir utan stofnanir ESB.

¹³ Sjá vef Seðlabanka Íslands (2007). *Aðdragandi að stofnun Seðlabankans og nokkur atriði úr sögu bankans*.

¹⁴ Sjá til að mynda Lawrence Officer (2001). *Gold Standard*.

Ný-virknihyggja (e. neo-functionalism) er líkast til viðurkenndasta kenningin um framþróun Evrópusamrunans en samkvæmt henni leiðir einskonar víxlverkun (e. spillover effect) Evrópusamvinnuna áfram. Hægt er að nota þessa kenningu til að skýra einnig þann þrýsting sem orðið hefur á Íslandi um upptöku evru, sem beina afleiðingu af inngöngu Íslands inn á innri markað ESB. Fræðimaðurinn Ernst Haas lýsti þróun Evrópusamrunans þannig að í upphafi hafi ríki Evrópu komið sér saman um afmarkað samstarf á ákveðnu sviði til að ná tilteknu markmiði. Það hafi svo kallað á aukið samstarf sem færðist til sífellt nýrra sviða og þannig hafi samstarfið þróast áfram koll af kalli.¹⁵ Víxlverkunin virkar þannig að samþætting viðfangsefna á afmörkuðum sviðum leiðir svo smám saman af sér nýjar þarfir. Ýmsir hagsmunaaðilar innanlands, svo sem samtök atvinnulífs, launþega og stjórnmálaflokka, þrýsta því næst á um enn frekari samþættingu þvert á landamæri. Í þessu ljósi er rétt að líta á innleiðingu evrunnar sem rökrétta þróun á innri markaði Evrópusambandsins. Ferillinn er þannig að samstarfið hefst á lægri stigum stjórnmálanna á borð við efnahagssamvinnu, til að mynda um að koma á sameiginlegum markaðaði og fíkrar sig svo upp á við, að peninga- löggæslu og utanríkismálum svo dæmi sé tekið. Með öðrum orðum þá leiddi ákvörðunin um fríverslun í Evrópu til tollabandalags og þrýsti svo á um að komið væri á sameiginlegum markaði og loks sameiginlegu myntbandalagi.¹⁶ Samkvæmt kenningunni leiðir pólitískur samruni því smám saman af efnahagslegri samþættingu. Hæg en sígandi efnahagsleg samþætting leiðir svo til stofnanabindingar og pólitískrar samstillingar.

Samkvæmt kenningu ný-virknihyggjunnar er hér bæði um að ræða pólitíska ákvörðun, um samruna á afmörkuðu sviði, og svo einnig tæknilega og ófyrirséða þróun sem enginn hefur beina stjórn á þegar samstarfið fer að þrýsta á um samruna á öðrum sviðum. Samkvæmt þessu er

¹⁵ Sjá Ernst Haas (1968). *The Uniting of Europe: Political, Social and Economic Forces 1950 – 1957*.

¹⁶ Ben Rosamond (2000). *Theories of European Integration*, bls. 60.

Evrópusamruninn nær því að vera eins konar ósjálfráður ferill heldur en meðvituð upplýst ákvörðun ríkisstjórna. Það var ekki síst hnattvæðing efnahagslífsins sem kallaði á nánari samstillingu peningamála í Evrópu. Fyrirtæki og hagsmunasamtök í álfunni þrýstu á um samstarf til að treysta samkeppnisstöðu sína á heimsvísu. Talið var að myntsamstarfið myndi auka hagvöxt og stuðla að meiri stöðugleika á svæðinu. Auk hins efnahagslega ávinnings er myntsamstarfið ekki síður stjórnómálag aðgerð í viðleitni til að stuðla að frekari samvinnuþróun Evrópu, en margir líta svo á að með tilkomu evrunnar hafi fullkomlega sameiginlegur innri markaður loks orðið að veruleika.

Efnahagsþrýstingur innanlands

Út frá framanlýstri kenningu má líta svo á að sömu kraftar hafi orðið til þess að byggja upp þrýsting á upptöku evru á Íslandi eftir að landið var komið inn á innri markað ESB. Ísland hefur samkvæmt þessu sömu þörf og önnur ríki í Evrópu til að taka þátt í Evrópusamrunanum. Ísland hefur enda í samræmi við það nú þegar samþykkt raunverulegt framsal á ákvarðanatöku til Evrópuvettvangsins í gengum EES og Schengen. Þá má halda því fram að víxlerkunaráhrif nývirknihyggjunnar þrýsti sífellt á um enn frekari þáttöku. Þrýstingur á upptöku evru á Íslandi hefur eins og áður sagði einkum komið frá viðskiptalífínu.

Til að mynda hafa greiningadeildir tveggja af þremur stærstu bönkum landsins nýlega lýst því yfir að vegna þess hve Seðlabanki Íslands er máttlítill lánveitandi til þrautarvara sé líklegt að bankarnir muni flytja úr landi sameinist Ísland ekki stærra myntsvæði, annað hvort með því að flytja eiginir yfir í erlend dótturfélög eða hreinlega með flutningi höfuðstöðva

bankanna úr landi.¹⁷ Og jafnvel þótt hægt yrði að ná talsverðum árangri með því að bankarnir, ríkið og Seðlabanki leggist á eitt við að bæta ástandið efast forstöðumaður Greiningar Glitnis þó um að Íslandsálagið, svokallaða, muni að fullu hverfa nema með kerfisbreytingu. “Styrking gjaldeyrisforða er góð viðleitni til að efla Seðlabankann sem trúverðugan lánveitanda til þrautavara en er ekki langvarandi lausn fyrir hagkerfi sem vill bjóða fjölbjódlegum bönkum samkeppnishæft starfsumhverfi.”¹⁸ Forstöðumaðurinn telur að á meðan myntkerfið er jafn lítið og raun ber vitni muni því fylgja kerfisáhætta sem komi niður á alþjóðlegri samkeppnishæfni banka sem hafa höfuðstöðvar á Íslandi.

Út frá framansögðu er hægt að skýra þennan þrýsting atvinnulífsins á Íslandi eftir evrunni sem afleiðingu víxlverkunaráhrifa í kjölfar þátttökunnar á innri markaði ESB í gegnum EES. Ísland hefur eins og önnur ríki á innri markaðinum fundið fyrir sömu þörf til að sameinast um mynt en tregðan til að standa formlega fyrir utan stofnanir ESB, sem á sér eins og fram hefur komið skýringar í rótgrónum hugmyndum Íslendinga um fullveldið og þjóðina, hefur hins vegar staðið í vegi fyrir því að Ísland gangi alla leið inn í ESB og taki upp evru í kjölfarið. Líkast til er það einmitt vegna þessarar stöðu sem ýmsar aðrar leiðir til að innleiða evru hafa verið áberandi í umræðunni á Íslandi heldur en sú hefðbundna að ganga einfaldlega alla leið í Evrópusambandið og þaðan í Efnahags- og myntbandalag Evrópu. Framanlýst togstreita hefur semsé orðið til þess að talsmenn evruvæðingar Íslands hafa reynt að leita leiða til að finna einhverja aðferð til að taka upp evru án þess að ganga í ESB.

Mikilvægt er að hafa þessa togstreitu í huga og þá krafta sem búa að baki þrýstingnum í umræðunni þegar tekið er til skoðunar hvort svo geti farið að evran fari smám saman að vætla

¹⁷ Edda Rós Karlsdóttir (13.08.2008). *Bankastarfsemi á leið úr landi*.

¹⁸ Ingólfur Bender (27.08.2008). *Varnir gegn bankaáföllum eflidar*.

sjálfkrafa inn í íslenskt efnahagslíf án atbeina íslenskra stjórnvalda og jafnvel hreinlega í andstöðu þeirra.

Sjálfkrafa evruvæðing

Frá því að Ísland varð hluti af evrópska efnahagssvæðinu árið 1994 hefur sú breyting orðið á íslensku efnahagslífi að sjávarútvegur sem áður var undirstaða atvinnulífs á Íslandi hefur sífellt verið að minnka að mikilvægi og er nú svo komið að fjármálastarfsemi stendur orðið undir stærri hluta af landsframleiðslunni heldur en fiskveiðar.¹⁹ Umsvif íslenskra fjármálafyrirtækja hafa margfaldast, sér í lagi á alþjóðlegum mörkuðum, jafnvel þannig að íslensku bankarnir hafa vaxið seðlabankanum um höfuð, sem á orðið erfitt með standa undir hlutverki sínu sem lánveitandi til þrautarvara, skuldir fjármálakerfisins og velta nema orðið margfaldri þjóðarframleiðslu.²⁰ Seðlabanki Íslands hefur aðeins krónur til að lána, getur til að mynda ekki prentað evrur, dollara og pund sem fjármálafyrirtækin brúka nú meira heldur en innlenda krónu sem er illskiptanleg í útlöndum. Þessi breyting á íslensku efnahagslífi þrýstir svo enn frekar á um nánari tenginu við evrusvæðið.

Mikilvægt er að átta sig á að þessir kraftar, auk þeirra sem að framan voru greindir, eru stöðugt að verki á bak við þann þrýsting sem nú birtist í umræðunni um evruvæðingu íslensks efnahagslífs. En vegna tregðu stjórnvalda til að láta undan þrýstingum hefur atvinnulífið sjálft reynt að finna leiðir til að komast framhjá innlendum stjórnvöldum og notast við evru á tilteknum sviðum án milligöngu peningamálayfirvalda á Íslandi. Stjórn Samtaka atvinnulífsins hefur til að mynda sett á laggirnar nefnd sérfræðinga til þess að „meta möguleika á evruvæðingu

¹⁹ Gylfi Zoega (24. nóvember 2006) *Breytt viðhorf til peningamála: Sjálfstæði peningamálastefnu, fjármálastöðugleiki og fákeppni.*

²⁰ Sjá til að mynda *Íslenska krónan, byrði eða blóraböggull?* (febrúar 2008), bls. 48.

atvinnulífsins sem felur í sér að einkaaðilar noti evruna sem gjaldmiðil í öllum viðskiptum sín á milli.²¹

Dæmi um slíka þróun, í átt að sjálfkrafa evruvæðingu, er að finna í ósk fyrirtækja eftir að gera upp bækur sínar í evrum, skrá hlutafé í evrópumyntinni og greiða jafnvel laun að hluta til eða í heild í evrum. Hér á eftir eru þessir þættir og fleiri dæmi um hugsanlega sjálfkrafa evruvæðingu íslensks efnahagslífs til skoðunar.

Uppgjör og ársreikningar

Eftir því sem umsvif íslenskra fyrirtækja á erlendum mörkuðum hefur aukist hefur skapast aukin þörf í þessum fyrirtækjum að gera upp bækur sínar í erlendum gjaldmiðli. Heimild hefur verið fyrir slíku í lögum frá árinu 2002 og samkvæmt gildandi ársreikningalögum (3/2007) hafa íslensk fyrirtæki að uppfylltum skilyrðum heimild til að færa bókhaldsbækur í erlendum gjaldmiðli og semja og birta ársreikninga í þeim gjaldmiðli.²² Þessi heimild er einna helst hugsuð fyrir þau fyrirtæki sem teljast hafa erlendan starfrækslugjaldmiðil samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum en fjármálafyrirtæki þurfa að fá sérstaka heimild hjá Seðlabanka Íslands til að gera upp í erlendri mynt. Fjölmörg íslensk fyrirtæki hafa nýtt sér þessa heimild. Framan af var meira um að fyrirtæki gerðu upp í Bandaríkjadal en undanfarið hafa flest þeirra frekar sóst eftir að gera upp í evru. Samkvæmt upplýsingum frá NASDAQ OMX á Íslandi færðu þrettán fyrirtæki af 25 á aðallista Kauphallarinnar bækur sínar í erlendri mynt árið 2007, þar af sex í evrum. Fjögur til viðbótar gera bækur sínar upp í dönskum krónum en sú danska er beintengd

²¹ *Er betra að veifa röngu tré en öngvu?* (10. apríl 2008).

²² Lög 3/2006. 7. og 8. grein.

evrunni innan ERM II myntkerfisins. Samkvæmt sömu upplýsingum ráðgera fleiri fyrirtæki að færa sig yfir í evruna þegar fram í sækir.

Þörf innlendra fyrirtækja til að gera upp í evrum hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár enda hafa fjölmörg íslensk framleiðslufyrirtæki nú meginpart sinna tekna og gjalda í erlendri mynt og nokkur fjöldi fyrirtækja hefur svo gott sem allar tekjur sínar í erlendri mynt. Því er einfaldlega heppilegra fyrir mörg þessara fyrirtækja, sem starfa núorðið á alþjóðlegum markaði, að gera upp í evru til að stuðla að auknum stöðugleika í rekstri. Sem uppgjörsmýnt getur evran haft í för með sér aukinn stöðugleika á afkomu slíkra fyrirtækja, arðgreiðslum til hluthafa, stöðu eigin fjár og verði hlutabréfa. Einnig ætti evruvæðing að hafa í för með sér betri skilning erlendra viðskiptamanna og fjárfesta á fjárhagsstærðum íslenskra fyrirtækja á markaði. Þá ætti aðgangur að erlendri fjármögnun að aukast og meiri möguleikar verða á útgáfu skuldabréfa í erlendri mynt

Skráning hlutafjár

Samkvæmt hlutafélagalögum (1995/2) geta fyrirtæki sem gera bækur sínar upp í erlendri mynt fengið heimild til að ákveða hlutafé sitt í erlendum gjaldmiðli. Þó var um skeið nokkur lagaóvissa í málinu eftir að Seðlabanki Íslands gerði athugasemdir við fyrirætlun fjármálafyrirtæksins Straums að skrá hlutafé sitt í evrum en samkvæmt lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa (131/1997) hafði seðlabankinn ákveðna umsjón með slíku ferli. Seðlabankinn átti samkvæmt lögum að hafa með höndum lokaskráningu á endalokum viðskipta með verðbréf og taldi sig ekki hafa heimild til að gera það öðru vísi en í íslenskum krónum. Viðskiptaráðherra fól í kjölfarið til þess skipaðri nefnd að skoða málið og á vorþingi 2008 voru

samþykktar breytingar á lögum sem eiga að auðvelda skráningu hlutafjár í erlendri mynt.²³ Gert er ráð fyrir að skráning hlutafjár í evrum geti hafist hjá Verðbréfaskráningu Íslands fyrir árslok 2008. Samningur er um leið gerður við Finnlandsbanka um að sjá um þessa skráningu og þar með verður krónan endanlega farin út úr þessum viðskiptum.²⁴

Bæði Kaupþing og Straumur líta svo á að evran sé í raun starfrækslugjaldmiðill fyrirtækjanna og fleiri fyrirtæki hafa lýst yfir áhuga á að skrá hlutafé sitt í evrum. Þeirra á meðal eru fyrirtæki á borð við Actavis, Marel, Atorku, Eyri og Exista.²⁵ Fari sem horfir má gera ráð fyrir að meirihluti skráðra félaga í Kauphöllinni verði búin að færa sig í evrur skömmu eftir að skráningarferlið tekur gildi.²⁶ Ávinningur fyrirtækja af því að skrá hlutafé í evrum og færa bækur í sömu mynt er einna helst sá að með því móti er hægt að komast hjá því að sveiflur krónunnar færast inn í bækur fyrirtækja sem eru jafnvel að stórum hluta til hætt að nota krónu í rekstri sínum. Til að mynda þykir ekki trúverðugt gagnvart erlendum fjárfestum að virði fyrirtækja sveiflist dag frá degi eftir gengisflökti krónunnar sem fáir erlendir athafnamenn hafa þekkingu á að skilja.

Fjármögnun fyrirtækja og lántökur einstaklinga

Þann 27. mars 2001 hefur íslenska krónan mátt spjara sig á frjálsum floti en peningastefna Seðlabanka Íslands hefur síðan þá miðað að því að halda verðbólgu undir 2,5 af hundraði. Frá því að gengi krónunnar var sett á frjálst flot hefur verðbólgan verið mun hærri og seðlabankinn hefur í kjölfarið hækkað vexti sem eru þegar þetta er skrifað einhverjir þeir hæstu sem um getur á

²³ Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 131/1997, um rafrænaeignarskráningu verðbréfa.

²⁴ Skv símaviðtali við Þórð Friðjónsson, forstjóra Kauphallar Íslands, 5. maí 2008.

²⁵ Sjá nánar í Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson (2008) *Hvað með evruna*, bls. 43.

²⁶ Skv símaviðtali við Þórð Friðjónsson, forstjóra Kauphallar Íslands, 5. maí 2008.

Vesturlöndum. Vaxtamismunurinn varð svo til þess að erlendir aðilar hófu að gefa út skuldabréf í íslenskum krónum, svokölluð jöklabréf, en útgáfa þeirra hefur orðið til þess að seðlabankinn á erfitt með að lækka vexti á nýjan leik af ótta við gengisfall þegar jöklabréfin fara út af markaðinum. Seðlabankinn hefur því í raun orðið fangi eigin vaxta.²⁷

Hávaxtastefnan hefur enn fremur orðið til þess að fyrirtækin í landinu hafa heldur kosið að fjármagna sig í erlendri mynt sem hafa fengist á mun lægri vöxtum. Þetta á vitaskuld helst við um fyrirtæki sem hafa tekjur í erlendri mynt en árið 2007 voru ríflega sextíu prósent af skuldum íslenskra fyrirtækja í erlendum gjaldmiðlum.²⁸ Nú þegar er það svo að aðeins almenningur og afmarkaðir staðbundnir angar atvinnulífsins skulda enn í krónum. Almennigur hefur af heldur veikari mætti reynt að fylgja atvinnulífinu út úr krónunni með því að færa húsnæðislán sín og jafnvel bílakaupalán í erlenda mynt á lægri vöxtum en eftir að alþjóðlega fjármálakreppan skall á í ársbyrjun 2008 og gengi íslensku krónunnar hrundi hafa bankarnir takmarkað aðgengi almennings að gengisbundnum lánum. Margir þeir sem höfðu tekjur í íslenskum krónum en skulduðu í erlendri mynt urðu illa úti við gengisfall krónunnar, enda getur reynst dýrt fyrir einstaklinga að standa gjaldeyrisvaktina.

Launagreiðslur

Gengisáhættan hefur orðið til þess að letja lántökur almennings í erlendri mynt og því er ekki að undra að sumir horfi til þess að taka hluta launa sinna í evrum, til að tryggja sig fyrir gengissveiflum en geta um leið notið lægri vaxta en bjóðast í íslenskum krónum. Ekki síst af þeim sökum hefur Alþýðusamband Íslands velt upp þeim möguleika að gera launasamninga í

²⁷ *Íslenska krónan, byrði eða blóraböggull?* (febrúar 2008), bls. 36.

²⁸ *Peningamál* (2007/2).

evrum fyrir umbjóðendur sína, en ASÍ og aðildarfélög þeirra eru langfjölmennustu samtök launafólks á almennum markaði. Innan vébanda ASÍ hefur verið rætt um að semja þannig að launafólk gæti sjálft valið að taka hluta launa sinna í evrum.²⁹ Enn fremur má gera ráð fyrir að þegar sú skipan færir í aukana að fyrirtæki skrá hlutafé sitt í evrum og geri bækur sínar upp í sömu mynt verði einnig aukið hagræði fyrir þau að greiða laun í evrum. Það gæti því hæglega orðið sameiginlegur hagur atvinnurekenda og launþega að hefja töku launa í evrum, að hluta til eða í jafnvel í heild þegar fram í sækir. Nú þegar er nokkuð algengt að stjórnarmenn í fyrirtækjum sem hafa meginhluta umsvifa sinna í útlöndum fái greitt fyrir störf sín í þeim gjaldmiðli sem fyrirtækin nota mest. Enn fremur hafa fyrirtæki á borð við Marel og Straum samið við suma almenna starfsmenn um launagreiðslur í evrum. Vegna betri lánakjara getur verið skynsamlegt fyrir launafólk að taka hluta launa sinna í evrum, eigi menn kost á því, og eyða þannig út gengisáhættunni við það að taka húsnæðislán í evrum. Fjölmargir fjármagna bílakaup með lánum í erlendri mynt og vel er hugsanlegt að önnur skammtímalán, jafnvel yfirdráttarlán verði boðin í erlendri mynt.

Mörg ferðaþjónustufyrirtæki á Íslandi hafa til að mynda markvisst reynt að losa krónuna út úr rekstri sínum og fundið leiðir til að notast þess í stað við evrur. Lán þessara fyrirtækja eru í evrum, verð þjónustunnar er boðið í evrum og mörg þeirra hafa að auki boðið viðskiptavinum sínum að greiða með greiðslukortum í evrum eftir að það varð tæknilega framkvæmanlegt.³⁰ Einn eigandi ferðaskrifstofunnar Katla-DMI orðaði þetta svona í viðtali við Fréttablaðið. „Við reynum að semja við alla birgja í evrum og borgum þeim langflestum í evrum. Við erum íslenskt

²⁹ Gylfi Arnbjörnsson (23. ágúst 2006). *ASÍ hugleiðir evrulaun*.

³⁰ *Ferðaþjónustan kastar krónunni* (17. maí 2008).

fyrirtæki og birgjarnir reka íslensk fyrirtæki en við notum ekki krónuna í viðskiptum okkar á milli, bara evru.³¹

Kjósi atvinnulífið að fara þessa leið er í raun ekkert, hvorki kjarasamningar né lög, sem standa í vegi fyrir evruvæðingu launa á íslenskum vinnumarkaði. Raunar er það ekki alveg ný til komið að launamenn á Íslandi fái greidd laun í erlendri mynt. Til er sú stétt manna sem hefur í áratugi fengið laun sem eru beintengd erlendum gjaldmiðlum. Kjör sjómanna ákvarðast nefnilega af söluverðmæti aflans á erlendum mörkuðum og í erlendri mynt. Flestir sjómenn ráða sig upp á tiltekinn hlut af verðmæti þess afla sem dreginn er um borð í túrnum. Því má segja að sjómenn fái nú þegar laun sín greidd í erlendri mynt. Kjör þeirra ráðast af aflaverðmæti og stöðu gengisins á hverjum tíma.

Verslun og viðskipti

Breiðist sú venja út að venjulegir launamenn fari að taka hluta launa sinna í evrum verður um leið til hvati fyrir fólk að gera önnur viðskipti í evrum, svo sem í almennum verslunum og þjónustufyrirtækjum. Verslunarfyrirtæki eru ekki síður en önnur fyrirtæki á Íslandi þjökuð af sveiflum krónunnar og því getur verið hagræði fyrir þau að bjóða vörur sínar í evrum og láta verðið í krónum einfaldlega sveiflast eftir evrunni. Þetta á ekki síst við í verslunum sem bjóða dýrar vörur, því til stuðnings má nefna að dæmi eru um að bifreiðaumboð séu nú þegar farin að verðmerkja bíla hérlendis til sölu í evrum.³² Í úttekt Rannsóknaseturs verslunarinnar á Bifröst, sem kemur út á sama tíma og þessi grein, kemur fram að tæknilega er vel framkvæmanlegt fyrir verslunin að bjóða vörur sínar í fleiri en einni mynt og því fátt sem þyrfti að stöðva evruvæðingu

³¹ Pétur Óskarsson (20. maí 2008). *Bankarnir gætu gefið út evrukort*.

³² Sjá til að mynda *Bílasalar gefast upp á verðmerkingum í íslenskum krónum* (21. September 2008).

verslunarinnar ef eftirspurn er fyrir hendi meðal almennings eftir að greiða fyrir vörum í evrum. Þá væri auðvitað hæðarleikur fyrir bankana að bjóða fólki upp á greiðslukort í evrum sem ávísar á evrureikning og launafólk gæti beðið vinnuveitandann að leggja hluta launanna á þann reikning. Afganginn má svo fá í krónum til að greiða fyrir annan kostnað innanlands. Fari slík þróun af stað þarf í sjálfu sér ekki langur tími að líða þar til evran nær yfirhöndinni og krónan fer að gefa eftir í almennum viðskiptum. Til að mynda er ekki fráleitt að menn kaupir sér tryggingar í evru og leggi jafnframt fyrir í lífeyrissjóð í Evrópumyntinni að eigin frumkvæði svo dæmi sé tekið.

Lokaorð og niðurstaða

Hér hefur verið sýnt fram á að ýmsir öflugir kraftar liggja að baki þeirri umræðu sem orðið hefur á Íslandi um hugsanlega upptöku evru í stað krónu. Aðrir gjaldmiðlar koma tæpast til greina vilji íslensk stjórnvöld á annað borð skipta krónunni út. Aðrar myntir sem nefndir hafa verið í umræðunni, svo sem Ameríkudollar, norsk króna og svissneskur franki, eru þrátt fyrir allt gjaldmiðlar annarra fullvalda ríkja, en evran hefur þá sérstöðu að vera sameiginleg mynt sjálfstæðra ríkja sem hafa ákveðið að starfa saman í eigin myntbandalagi. Því fellst augljóslega minni fullveldiskerðing í sameiginlegri evru, sem íslenski seðlabankinn myndi gefa út í samstarfi við Seðlabanka Evrópu í Frankfúrt, heldur en í því að innleiða gjaldmiðil annars fullvalda ríkis. Hins vegar má halda því fram að ef evran kemur sjálfkrafa, án fullgildrar aðildar Íslands að EMU, myndi það ógna fullveldi landsins með sama hætti.

Sjálfkrafa evruvæðing, eins og hér er lýst, felur í sér alla þá galla og sagt var frá í umfjölluninni um einhliða evruvæðingu hér að framan, íslenska þjóðin yrði bæði af kostum þess

að halda úti sjálfstæðum gjaldmiðli og kostum þess að fá hlutdeild í þeim ávinningi sem hlýst af því að sameinast um gjaldmiðil með öðrum ríkjum í sameiginlegu myntbandalagi. Þar að auki myndu íslensk stjórnvöld ekki hafa neina markvissa áætlun um aðlögun að nýju myntumhverfi, til yrði tvöfalt myntkerfi þar sem alþjóðavædd einkafyrirtæki tækju sjálf upp evru og aðeins hið opinbera og fyrirtæki sem byggja á staðbundinni starfsemi héldu umsvifum sínum í íslenskum krónum. Eins og sýnt var fram á hér að framan í umfjölluninni um uppgjör fyrirtækja, skráningu hlutafjár, lántöku, launagreiðslur og viðskipti í verslun og þjónustu er þessi þróun að hluta til nú þegar farin af stað. Krónan er þó enn meginmynt í viðskiptum innanlands.

Sjálfkrafa evruvæðing er líkast til versta tegund evruvæðingar sem völ er á en fari skriðan af stað af fullum þunga, sem enn hefur ekki gerst, gæti á skömmum tíma orðið ansi brátt um íslensku krónuna. Slík þróun gæti augljóslega grafið undan virði krónunnar á markaði með alvarlegum afleiðingum fyrir krónueigendur, sér í lagi fyrir eldra fólk sem margt lifir á sparifé en hefur að öðru leyti takmarkaða innkomu og þrengri möguleika til tekjuöflunar.

Í þessu sambandi er sérdeilis mikilvægt að hafa í huga það sem að framan er lýst: Hér er um að ræða kerfislægan þrýsting sem þræðir sig eftir víxlverkunarferli ný-virknihyggjunnar og á rætur að rekja til aðildarinnar að EES, en vera Íslands á innri markaði ESB skapaði þörf á að taka þátt í peningasamstarfi Evrópuríkja. Það er enn stefna íslenskra stjórnvalda að halda í krónuna en eins og sjá má af umfjölluninni hér að framan er óvíst að innlend stjórnvöld hafi yfir að ráða fullnægjandi stjórnækjum til að geta varist sjálfkrafa evruvæðingu atvinnulífsins ef sú skriða heldur áfram og þyngist með tilheyrandi víxlverkunaráhrifum.

Tilvísanir

Aðdragandi að stofnun Seðlabankans og nokkur atriði úr sögu bankans. Seðlabanki Íslands Íslands. Sótt 6. júní 2008 af <http://www.sedlabanki.is/?PageID=26>.

Ásgeir Jónsson (23. október 2007). *Einhliða upptaka evru.* [Kynning]. Reykjavík: Kaupþing.

Ben Rosamond (2000). *Theories of European Integration.* The European Union Series. London: McMillian Press.

Birgir Hermannsson (2005). *Understanding Nationalism, studies in Icelandic Nationalism 1800-2000.* Stokkhólmur: Department of Political Science. Stockholm University.

Bílasalar gefast upp á verðmerkingum í íslenskum krónum (21. September 2008). [Frétt]. Reykjavík: Fréttablaðið.

Björgólfur Thor Björgólfsson (2007/8) Reykjavík: Áramótablað Viðskiptablaðsins.

ECB Montly Bulletin (Apríl 2006). Frankfurt: European Central Bank.

Edda Rós Karlsdóttir (13. ágúst 2008). *Bankastarfsemi á leið úr landi.* Reykjavík: Fréttablaðið. Markaðurinn.

Eiríkur Bergmann Einarsson og Jón Þór Sturluson (2008). *Hvað með evruna?* Borgarfjörður: Háskólinn á Bifröst.

Er betra að veifa röngu tré en öngvu? (10. apríl 2008). [Ályktun]. Samtök atvinnulífsins. Sótt 5. júní 2008 af <http://sa.is/frettir/almennar/nr/4102/>

Ernst Haas (1968). *The Uniting of Europe: Political, Social and Economic Forces 1950 – 1957*. 2nd edition. Stanford University Press.

Ferðapjónustan kastar krónunni (17. maí 2008). [Frétt]. Reykjavík: Fréttablaðið.

Friðrik Már Baldursson og Richard Portes (2007). *The internationalisation of Iceland's Financial sector*. Reykjavík: Viðskiptaráð.

Geir H. Haarde (25. júní 2008). [Viðtal]. London: Dow Jones-fréttaveitan.

Gengisvog 2007. Seðlabanki Íslands. (Sótt 6. maí 2008 af <http://www.sedlabanki.is/?PageID=656>)

Guðmundur Hálfðanarson (2001). *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Reykjavíkúráðakademían.

Gylfi Arnbjörnsson (23. ágúst 2006). *ASÍ hugleiðir evrulaun*. Reykjavík: Fréttablaðið.

Gylfi Zoega (2006). *Breytt viðhorf til peningamála: Sjálfstæð peningamálastefna, fjármálastöðugleiki og fákeppni*. [Erindi]. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Ingólfur Bender (27. ágúst 2008). *Varnir gegn bankaáfallum efldar*. Reykjavík: Morgunkorn Glitnis. (Sótt 27. ágúst 2008 af <http://eyjan.is/blog/2008/08/27/greining-glitnis-evra-eda-bankar-flytja-af-landi-brott/>)

Íslenska krónan, byrði eða blóraböggul? (Febrúar 2008). [Skýrsla]. Reykjavík: Viðskiptaráð Íslands.

José Manuel Barroso (28. febrúar 2008). *Upptaka evru aðeins með aðild að ESB*. Reykjavík: Morgunblaðið.

Lawrence Officer (2001) *Gold Standard*. EH.Net Encyclopedia, edited by Robert Whaples. Sótt 24. maí 2007 af <http://eh.net/encyclopedia/article/officer.gold.standard>.

Lög um ársreikninga (2006/3).

Peningamál (2007/2). Reykjavík: Seðlabanki Íslands.

Pétur Óskarsson (20. maí 2008). *Bankarnir gætu gefið út evrukort*. [Frétt]. Reykjavík: Fréttablaðið.

Sebastian Edwards og Igal Magendzo (Júní 2003). *Strict Dollarization and Economic Performance: An Empirical Investigation*. NBER Working Paper No. W9820.

Um rafrænaeignarskráningu verðbréfa. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 131/1997, . . . 758 - 476. mál. Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.

Valgerður Sverrisdóttir (8. mars 2006). *Ísland og Evran*. Sótt 6. júní 2008 af <http://www.valgerdur.is/index.php?pid=20&cid=524>.

Þórður Friðjónsson (5. maí 2008) [Viðtal]. Símvíðtal við greinarhöfund.

Þórólfur Matthíasson (Mars 2008). *Höfum við efni á að bíða eftir evrunni?* Reykjavík: Vísbending.